

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Húsavíkur nr. 285 18. desember 1970, með síðari breytingum.

A-liður 4. gr. orðist þannig:

Fastagjald, kr. 420.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

B-liður 4. gr. orðist þannig:

Vatnsgjald, kr. 924.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 13. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar. Skútustaðahreppi.

I. KAFLI**1. gr.**

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfestri 4. nóvember 1971.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.